

UPPLÝSINGAR UM SJÓÐFÉLAGA

Nafn	Kennitala	Sími	Netfang
_____	_____	_____	_____
Lögheimili/Heimilisfang	Póstnúmer	Staður	Ertu sjóðfélagi Almenna lífeyrissjóðsins?
_____	_____	_____	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Áttu inneign í séreignarsjóði hjá öðrum lífeyrissjóði eða vörsluaðila séreignarsparnaðar, s.s. banka? Ef svo er, hvaða?			

UPPLÝSINGAR UM MAKA

Nafn	Kennitala	Sími	Netfang
_____	_____	_____	_____
Lögheimili/Heimilisfang	Póstnúmer	Staður	Ertu sjóðfélagi Almenna lífeyrissjóðsins?
_____	_____	_____	<input type="checkbox"/> Já <input type="checkbox"/> Nei
Áttu inneign í séreignarsjóði hjá öðrum lífeyrissjóði eða vörsluaðila séreignarsparnaðar, s.s. banka? Ef svo er, hvaða?			

UM SKIPTINGU SÉREIGNARSJÓÐS

Í 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða kemur fram að á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. 1.-3. tölul. málsgreinarinnar. Samkomulagið skal eftir því sem við á fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu séreignarsjóðs meðan hjúskapur eða óvígð sambúð hefur staðið eða stendur. Með gagnkvæmri skiptingu er átt við að bæði hjónin þurfa að skipta inneign í séreignarsjóði þannig að þau hvort um sig veita hinu sama hlutfall inneignar sinnar í séreignarsjóði. Hlutfallið getur verið allt að 50%.

Í samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins er fjallað um skiptingu inneignar í séreignarsjóði á milli sjóðfélaga og maka í 13. gr. þar segir:

➤ 13.1.

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ákveðið skipan mála skv. a-b þessarar málsgreinar. Samkomulag þetta skal eftir því sem við á ná til inneignar í séreignarsjóði og fela í sér gagnkvæma og jafna skiptingu inneignar meðan hjúskapur eða sambúð hefur staðið eða stendur:

- a. Sjóðfélagi getur ákveðið að inneign hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og lækkar þá inneign sjóðfélagsins sem því nemur.
- b. Að iðgjald vegna sjóðfélaga í séreignarsjóði skuli allt að hálfu renna til að mynda séreignarreikning fyrir maka hans.
- Skipting inneignar (a-liður)* felur í sér að verðmæti inneignar í séreignarsjóði skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæða inneign í séreignarsjóði fyrir maka sjóðfélaga eða fyrrverandi maka og skerðist þá eign sjóðfélagsins sem því nemur. Skipting inneignar skapar sjálfstæðan rétt fyrir maka.
- Skipting framtíðariðgjalda (b-liður)* felur í sér að iðgjald vegna sjóðfélaga sem gengur til að mynda inneign í séreignarsjóði, þ.e. viðbótarlífeyrissparnaður, lágmarksséreign eða tilgreind séreign, skuli allt að hálfu renna til þess að mynda sjálfstæða inneign í séreignarsjóði fyrir maka hans. Við ráðstöfun iðgjalds skal litið svo á að iðgjaldsstofni sjóðfélagsins hafi verið skipt milli hans og makans eins og iðgjaldinu. Framtíðariðgjöld skapa sérstakan séreignarsjóð fyrir maka og þar með sjálfstæðan rétt hans, en samkomulag um skiptingu framtíðariðgjalda er hins vegar afturkallanlegt.

Athugið að hægt er að gera einungis samkomulag um **skiptingu inneignar**, eða einungis um **skiptingu framtíðariðgjalda** en einnig er hægt að gera samkomulag um bæði **skiptingu inneignar** og **skiptingu framtíðariðgjalda**.

SAMKOMULAG UM SKIPTINGU INNEIGNAR Í SÉREIGNARSJÓÐI

Á grundvelli samkomulags höfum við ákveðið skipan mála þannig að _____ % séreign þess maka sem er sjóðfélagi hjá Almenna lífeyrissjóðnum vegna iðgjaldatímabilsins frá _____ (dags.) til _____ (dags.) renni til að mynda sjálfstæða inneign fyrir maka minn. Jafnframt staðfestum við að óskað hefur verið eftir sömu skiptingu á inneign maka hjá eftirfarandi aðilum: _____ eða að maki eigi ekki séreign annars staðar.

Framangreind ráðstöfun er í samræmi við 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem kveður á um að skiptingin feli í sér gagnkvæma og jafna skiptingu áunninna réttinda á meðan hjúskapur, óvígð sambúð eða staðfest samvist hefur staðið eða stendur.

Við erum meðvituð um það að framangreind ráðstöfun er skuldbindandi fyrir báða aðila og býr til sjálfstæðan og óafturkallanlegan rétt maka.

SAMKOMULAG MILLI HJÓNA UM SKIPTINGU FRAMTÍÐARIÐGJALDA

Ég, sjóðfélagi hjá Almenna lífeyrissjóðnum, greiði eftirfarandi iðgjöld til sjóðsins:

- Lágmarksiðgjald til Almenna lífeyrissjóðsins. (Skyldusparnaður)
- Viðbótariðgjald, _____ %, til Almenna lífeyrissjóðsins. (Viðbótarlífeyrissparnaður)

Á grundvelli samkomulags höfum við ákveðið skipan mála þannig að frá og með næstu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga:

- Að _____ % af lágmarksiðgjaldi sjóðfélaga sem myndar inneign í séreignarsjóði gangi til að mynda inneign séreignarsjóði fyrir maka.
- Að _____ % af viðbótariðgjaldi gangi til að mynda inneign í séreignarsjóði fyrir maka.

Jafnframt staðfestum við að óskað hefur verið eftir sömu skiptingu á framtíðariðgjöldum maka hjá eftirfarandi aðilum:

Samkomulag um skiptingu framtíðariðgjalda er í gildi þar til undirritaðir aðilar hafa afturkallað það með skriflegri yfirlýsingu sem borist hefur sjóðnum með sannanlegum hætti.

PERSÓNUVERND

Almenni lífeyrissjóðurinn vistar og skráir upplýsingar samkvæmt eyðublaði þessu í viðskiptasögu viðkomandi hjá sjóðnum. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu lífeyrissjóðsins.



Smelltu hér til að skoða persónuverndarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins

UNDIRRITUN SJÓÐFÉLAGA OG MAKA

Með undirritun okkar staðfestum við að við höfum kynnt okkur réttaráhrif þess samkomulags sem við gerum okkar á milli. Jafnframt staðfestum við að eyðublaðið er fyllt út í góðri trú og eftir bestu vitund um réttindi og inneignir hjá öðrum lífeyrissjóðum eða vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Staður og dagsetning

Undirritun sjóðfélaga og maka

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala